

Nd.

151. Frumvarp

til laga um stofnun hjónabands.

Flutningsm.: Gisli Sveinsson og Jón Jónsson.

1. gr.

Rjett er að veraldlegir valdsmenn gefi hjón saman, og hefir slikt hjónaband fulla lóghelgi.

2. gr.

Hjónaefni þau, er ganga vilja í borgaralegt hjónaband, riti bæjarfógeta eða sýslumanni í því lögsagnarumdæmi, er þau vilja láta gefa sig saman í, beiðni um, að hann gefi þau í hjónaband.

3. gr.

Nú er bæjarfógeti eða sýslumaður beðinn um að gefa hjón saman, og skal hann láta birta það í blaði því, er flytur opinberar stjórnarvaldaauglýsingar, á kostnað hjónaefna, 3 vikum áður en hjónin eru saman gefin, nema slík undanþága sje fengin, sem lög nr. 42, 30. júlí 1909, sbr. lög nr. 19, 22. sept. 1899, gera ráð fyrir. Vilji nokkur hefja lögþann gegn hjónabandinu, skal segja valdsmanni til.

4. gr.

Um meinbugi skal valdsmaður gæta alls hins sama, sem prestum þeim, er lögfulla hjónavigslu geta veitt, ber að gæta að lögum. Skirn, ferming og altarisganga sjeu þó eigi hjúskaparskilyrði, hvort sem veraldlegur valdsmaður eða prestur gefur hjón saman.

5. gr.

Hjónaefni skulu koma til brúðkaupsstefnu á þeim stað, degi og stundu, er valdsmaður ákveður. Skal valdsmaður þá fyrst brýna fyrir þeim þýðingu hjónabandsins, því næst tekur hann á móti játningu þeirra um, að þau vilji hjón verða, og lýsir loks yfir því, að þau sjeu gefin saman í lögmeitt hjónaband. Um athöfn þessa fer að öðru leyti eftir auglýsingu frá 31. maí 1890 um reglur fyrir því, hvernig veraldlegir valdsmenn skuli gefa saman hjón, eftir því sem hún getur átt við, og skal athöfnin fram fara í heyranda hljóði og í viðurvist tveggja tilkvaddra votta. Bæjarfógeti eða sýslumaður skal rita í bók, sem til þess er ætluð, alt það, er nokkru má varða að því er til hjónabandsins kemur, og fái hjónin eftirrit þess, staðfest með nafni og embættisinnsgli, til sannindamerkis um, að þau sjeu að lögum hjón orðin. Svo skal og valdsmaður, áður vika er liðin, senda annað eftirrit presti sóknar þeirrar, er brúðurin átti heima í, þá er hún giftist, og ritar hann þá skýrslu um hjónabandið í gerðabók prestakallsins.

6. gr.

Fyrir gerð þá, sem 5. gr. tilskilur, og fyrir eftirrit af gerðabókinni skal gjalda valdsmanni 8 kr., er renni í landssjóð. Nú þarf valdsmaður að takast ferð á hendur til að gefa hjón saman, og skal þá greiða honum dagpeninga og farar-eyri, slíkan sem gildandi ákvæði um aukatekjur sýslumanna tilskilja.

7. gr.

Löglegt er enn fremur hvert það hjónaband, sem stofnað er ef þjóðkirkju-
prestum eða öðrum löggiltum prestum, en gæta skulu þeir ákvæða laganna um
kirkjulega vígslu. Ávalt skal prestur sá, er hjón gefur saman, senda sóknarpresti
brúðurinnar skýrslu um vígsluna, ef það er eigi hann sjálfur, sem vígir.

Eigi ber sóknarpresti nein greiðsla fyrir samgjöf hjóna, sem annar em-
bætismaður en hann hefir int af hendi.

8. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feldur fyrsti kafli laga nr. 4, 19. febr. 1886,
um utanþjóðkirkjumenn, 1.—9. gr. að þeim báðum meðtöldum. Enn fremur 3. gr.
2. liður og 13. gr. í tilsk. 30. apr. 1824, um embætti prestanna að því er snertir
hjónabönd, svo og önnur ákvæði í lögum, er í bága koma við þessi lög.

Athugasemdir við frumvarpið.

Um öll menningarlönd hefir jafnhliða viðurkenningu á trúarbragðafrelsi
einstaklinganna vaxið öflug hreyfing í þá átt að losa þau málefni, sem í eðli
sínu eru að eins borgaraleg mannfjelagsmálefni, undan áhrifum og afskiftum kirkju-
valdsins.

Hreyfingin stefnir að því höfuðmarki að aðskilja algerlega kirkjuna frá
ríkinu (þjóðfjlaginu), þar sem trú manna eigi að vera einkamálefni, en ríkið
hvorki að valdbjóða neinum ákveðin trúarbrögð nje styðja neina ákveðna kirkju-
deild.

Eitt af þeim málum, sem auðsælega eru borgaraleg einvörðungu, er hjóna-
bandið. Það hefir og í löggjöf verið talið það, þangað til kirkjan tók það undir
sig. Margir vilja nú eigi þýðast hinar geistlegu athafnir í því efni eða »kreddur«
þær, sem því eru samfara, og er svo einnig hjer á landi. En misrjetti og rjett-
leysi ríkir enn í löggjöfinni, og það tilfinnanlega, hvað stofnun hjónabands snertir.
Lög þau, sem hjer koma mest til mála, eru lögin um utanþjóðkirkjumenn frá
19. febr. 1886 (I.). Hafa óskir komið fram, reyndar bæði fyr og síðar, um breyt-
ing á ástandi því, sem nú er ríkjandi, og verður eigi við þeim óskum þagað,
með því að vart getur neinum dulist, að þær eru í fylsta máta rjettmætar.

Þegar um slíkar breytingar ræðir, getur tvent komið til greina. Annars
vegar að gera það að skilyrði fyrir lögmæti hjónabands, að það sje stofnað af
borgaralegum eða verslegum valdsmanni (*»obligatorisk«*), og geti þeir, sem það
kjósa, fengið kirkjulega »vígslu« á eftir — svo er háttað í Frakklandi, Þýska-
landi, Austurríki og Ítalíu. — Hinsvegar, að meæn geti valið á milli borg-
aralegrar og kirkjulegrar hjónavígslu (*»fakultativ«*), er sje jafn lögmætar, og er

Því svo farið í Englandi og Svíþjóð og er talið munu brátt komast á í Noregi og Danmörku. (Um það og önnur hjúskaparmál hefir nefnd fjallað þar árin 1910 til 1913). Eins og frv. það, sem hjer liggur fyrir, ber með sjer, er það hin síðari leiðin, sem hjer er valin, þar sem hún mun þykja aðgengilegri í fyrstu.

Breytingarnar eru, eins og menn sjá, í aðalatriðum miðaður við lögin frá 19. febr. 1886, sem nefnd voru. Eru það fyrstu 9 greinar þeirra, sem fyrir breytingunum falla, sumpart beinlínis, sumpart óbeinlínis. Þykir óþarft að skýra hjer hinar einstöku greinar frv.; athugasemdir koma fram við umræður málsins, ef þurfa þykir. Aðalþráðurinn er, að þessi mál eru gerð með öllu óháð öllum trúarjátningum, ef menn kjósa það. Verslegum og geistlegum embættismönnum, sem bærir eru til stofnunar hjónabands, gert jafnt undir höfði, hvað lögmæti þessara verka þeirra áhrærir. Og um leið allir »löggiltir« prestar gerðir jafnrjettháir í þessu efni.

Að sjálfsgöðu er öllum yfirlýsingum hjónaefna (utan þjóðkirkju), um uppfræðslu barna þeirra í ákveðnum trúarbrögðum slept, þar sem slíkt er bæði óþarft og óviðeigandi. Falla þar með 8. og 9. gr. 1. 1886. Í samræmi við það er rjett, að sömu leið fari 13. gr. hjónabandstilsk. frá 30. apr. 1824. Loks er ferming og altarisganga sem hjúskaparskilyrði (skv. 3. gr. 2. í tilsk. 1824) fyrir fult og alt burtu felt, og skírnin þá auðvitað með, — eins þótt prestar eigi hlut að máli (sbr. 4. gr. frv.)

Þótt frv. fjalli aðallega um það, að færa ákvæðin um borgaralegt hjónaband til rjetts vegar, þá leiðrjettir það þó einnig löggjöfina í þessu efni, að því er til prestanna kemur. Má því kalla, að það sje um stofnun hjónabands yfirleitt, eins og fyrirsögn þess vísar til.